



Fréttatilkynning 5. nóvember 2024.

FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2025 OG FIMM ÁRA ÁÆTLUN 2025 - 2029

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 og fimm ára tímabilið til 2029 er lögð fram í borgarstjórn til fyrri umræðu í dag.

Fjárhagsáætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B- hluta verði jákvæð um 14,3 milljarðar króna og EBITDA verði 62,6 milljarðar króna. Á árunum 2026-2029 er gert ráð fyrir batnandi afkomu A- og B- hluta og vaxandi EBITDA. Gert er ráð fyrir að í lok árs 2025 nemi eignir samtals 1.028 milljörðum króna og aukist um 54,2 milljarða króna á árinu. Þá er gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfall nemi 45,7%. Útkomuspá fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir að afkoma ársins verði jákvæð um 8,1 milljarð króna.

Gert er ráð fyrir að þriggja ára jafnvægisviðmið sveitarstjórnarlaga verði jákvætt allt áætlunartímabilið og að skuldaviðmið¹, sem verður 109% árið 2025, verði undir viðmiði sveitarstjórnarlaga út áætlunartímabilið.

Fjárhagsáætlun A-hluta fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 1,7 milljarð króna. Gert er ráð fyrir að eignir A-hluta nemi 304 milljörðum króna í lok árs 2025 og aukist um 12,4 milljarða króna milli ára. Gert er ráð fyrir að eiginfjárhlutfall nemi 28,5% í lok árs 2025. Útkomuspá gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 531 milljón króna sem er um 5,5 milljarða króna jákvæður viðsnúningur frá fyrra ári.

Fjárhagsáætlun A-hluta sýnir viðsnúningi í rekstri sem má rekja til árangurs af aðhaldi og aðgerðum til að mæta hallarekstri síðustu ára í samræmi við markmið og megináherslur fjármálastefnu Reykjavíkurborgar sem var sett fram við upphaf kjörtímabilsins.

Fjárfest í framtíðinni

Reykjavíkurborg er umfangsmikið þjónustufyrirtæki. Á næsta ári er áætlað að eignir borgarinnar samkvæmt efnahagsreikningi verði komnar yfir 1.000 milljarða króna með 470 milljarða króna í eigið fé. Það sýnir sterka stöðu borgarinnar og vegur þar Orkuveita Reykjavíkur þungt. Orkuveitan er í sókn í fjárfestingum í aukinni orkuöflun auk þess sem viðræður eru við samstarfsaðila um fjármögnun verkefna Carbfix sem styður við loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar. Enn er þó aðaláhersla Orkuveitunnar á að sinna þeirri skyldu sinni að tryggja trausta grunnþjónustu og styðja við áframhaldandi húsnæðisupbyggingu á þjónustusvæði sínu.

Rekstur A- og B- hluta Reykjavíkurborgar er traustur og skilar afgangi með sterku veltufé frá rekstri. Enn reynir á fjárhagsleg samskipti ríkis og borgar sem og annarra sveitarfélaga. Vegur þar þungst fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks en mikilvægir áfangar hafa náðst á síðustu tveimur árum í þeim efnum og fjármagn aukið til málaflokksins með tilfærslu skatttekna frá ríki til sveitarfélaga. Er þó ennþá óútfært hvernig þjónusta við fatlað fólk verður fjármögnuð til framtíðar og talsvert í land sérstaklega þegar kemur að því að takast á við fjármögnun á þjónustu við börn með fjölpættan vanda og fatlað fólk sem

¹ Skuldaviðmið er sett fram í samræmi við 14. gr. reglugerðar 502/2012 og breytingum á 12. gr. hennar skv. reglugerð 1195/2024. Í því felst að veitu- og orkufyrirtæki eru undanskilin við útreikning á fjármálareglum sveitarfélaga.

þarf að sæta öryggisráðstöfun svo dæmi sé tekið. Auk þess liggur ekki fyrir hvernig sveitarfélögin geti tekist á við fyrirsjáanlegar þarfir við frekari uppbyggingu húsnæðisúrræða og fjölgunar NPA samninga.

Rekstrarumhverfi Reykjavíkurborgar hefur síðastliðin ár einkennst af þenslu á vinnumarkaði, þrálátri verðbólgu og háum vöxtum. Borgarstjórn samþykkti við upphaf kjörtímabils fjármálastefnu til fimm ára með skýrum áherslum og markmiðum sem hefur verið fylgt fast eftir svo áætlanir haldi. Aðgerðaáætlun A-hluta borgarinnar byggir á gildandi fjármálastefnu þar sem lögð er áhersla á aðhald í rekstri og stefnumarkandi áherslur í fjárfestingum.

Reykjavíkurborg hefur sett í forgang umfangsmikið viðhaldsátak á skólabyggingum, bæði leik- og grunnskóla en ljóst er að þörfin er mikil. Áætlun næstu 5-7 árin hljóðar upp á 30-35 milljarða króna bæði í viðgerðum á skólahúsnæði og uppbyggingu til að fjölga leikskólalássum. Áhersla er á viðbyggingar í eldri skólum og að hefja byggingu nýrra grunnskóla í takt við þarfir í bæði nýjum og gömlum hverfum borgarinnar. Að auki er lögð áhersla á viðhald og uppbyggingu íþróttamannvirkja sem nýtast börnum og ungmennum í borginni.

Eitt af höfuðmarkmiðum Reykjavíkurborgar er að hraða húsnæðisuppbyggingu innan borgarmarkanna. Fjármunum er forgangsraðað til uppbyggingar gatna- og veituvinnviða fyrir nýjar íbúðir en líka atvinnustarfsemi. Áhersla er á að byggja á þeim svæðum sem styðja við virka ferðamáta og almenningsamgöngur en einnig ryðja nýtt land og styrkja úthverfin með aukinni byggð. Sett hafa verið markmið um að hafa tiltækar byggingarhæfar lóðir fyrir allt að 1500 – 3000 íbúðir á hverjum tíma.


Fjárhagsáætlun A-hluta

Í fyrirliggjandi fjárhags- og fimm ára áætlun A-hluta eru gerðar ríkar kröfur til málaflokka um aðhald í rekstri. Með nýju verklagi hefur verið skerpt á ábyrgð stjórnenda og þeirra fagraða sem málaflokkunum stýra að forgangsraða þjónustu og verkefnum innan þess fjárhagslega svigrúms sem til staðar er á komandi rekstrarári. Aðgerðir innan sviða taka mið af forgangsröðun lögbundinna verkefna, þjónustu við viðkvæmstu þegna borgarinnar og börn og ungmenni í erfiðri stöðu. Þá er rík áhersla á fjármögnun einstakra þjónustupátta, svo sem leik- og grunnskóla í samræmi við skýrar og vel skilgreindar þarfir um mönnun, þjónustu og rekstur.


Eftirfarandi tafla sýnir að fjárhagslegir mælikvarðar A-hluta styrkjast og eru nánast allir komnir á grænt árið 2025 í samræmi við markmið fjármálastefnunnar. Mælikvarði veltufjár frá rekstri í hlutfalli af tekjum er rétt undir markmiði 2025 en áætlað er að hann verði uppfylltur frá og með árinu 2026.

Fjárhagsáætlun 2025-2029	Markmið fjármálastefnu	Gildistími markmiða ----->					
		2024	2025	2026	2027	2028	2029
Rekstrarniðurstaða	>0	531	1.653	4.642	6.672	9.624	12.998
Hlutfall launakostnaðar	<80%	79,9%	76,8%	76,1%	75,4%	74,6%	73,9%
Veltufé frá rekstri / tekjum	>7,5%	5,5%	7,4%	7,6%	8,0%	8,8%	9,6%
Veltufé frá rekstri / afb. lána	>1,0	0,80	1,27	1,23	1,04	1,31	1,25
Lántaka / fjárfestingum	<70%	72%	65%	59%	54%	44%	46%
Skuldaviðmið	<100%	80%	84%	82%	80%	76%	69%
Handbært fé í árslok	>8.000	10.512	9.858	10.400	8.655	9.415	11.400

Hér á eftir eru raktar meginniðurstöður fjárhagsáætlunar A-hluta fyrir árið 2025 og fimm ára áætlun 2025-2029 á breytilegu verðlagi í myndum og töflum, ásamt útkomuspá árið 2024.




- Árið 2025 er gert ráð fyrir 1,7 ma.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu sem fer síðan batnandi út áætlunartímabilið til samræmis við markmið fjármálastefnu. Rekstrarniðurstaða A-hluta síðustu ár hefur litast af óstöðugleika í efnahagsumhverfinu og vanfjármögnun ríkisins á málaflokki fatlaðs fólks. Útkomuspá gerir ráð fyrir 5,5 ma.kr. viðsnúningi frá árinu 2024 og að niðurstaðan verði 531 m.kr. afgangur.
- Batnandi rekstrarafkomu má meðal annars rekja til árangurs af aðgerðaráætlun borgarinnar til að mæta hallarekstri. Enn er talsvert um áskoranir í rekstrarumhverfi fagsviða og því er mikilvægt að gætt sé aðhalds í rekstri og fjármunum forgangsraðað á grunni lögskyldra verkefna.
- Þrátt fyrir að samið hafi verið um viðbótarfjármagn til málaflokks fatlaðs fólks vantar enn talsvert upp á fulla fjármögnun hans. Á meðan svo er setur það borginni verulegar skorður til að takast á við framtíðar uppbyggingu í málaflokknum og aðra framþróun í rekstri.




- Gert er ráð fyrir að markmiðum um launahlutfall verði náð árið 2024 sem er ári fyrr en gert var ráð fyrir í fjármálastefnunni.
- Árin 2025 til 2029 er gert ráð fyrir að launahlutfallið verði á bilinu 74%-77%. Mikilvægt er að halda launahlutfalli borgarinnar innan við 80% til að tryggja sjálfbærni rekstrar.

Rekstrartekjur og rekstrarútgjöld




- Eftir þungt rekstrarár 2022 hefur orðið viðsnúningur í rekstri A-hluti en árið 2024 er gert ráð fyrir að vöxtur rekstrarútgjalda verði töluvert undir vexti tekna annað árið í röð.
- Í áætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir meira jafnvægi milli aukningu tekna og gjalda sem má meðal annars rekja til aðhalds í rekstri A-hluta.

Framlegð (EBITDA) sem hlutfall af tekjum




- Útkomuspá ársins 2024 og áætlun 2025 er gert ráð fyrir að framlegðin verði 7,4%, en framlegð var lág tímabilið 2020 til 2023.
- Gert er ráð fyrir að framlegðin styrkist á áætlunartímabilinu og verði komin yfir 9% árið 2027.


Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum, A-hluti




- Veltufé frá rekstri lækkaði mikið árin 2020-2022. Viðsnúningur var árið 2023 þegar hlutfall veltufjár frá rekstri á móti tekjum hækkaði í 6,5%.
- Í frumvarpi að fimm ára áætlun er gert ráð fyrir að ná meira jafnvægi í útgjöldum með aðhaldi í rekstri í samræmi við fjármálastefnuna. Þannig er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri á móti tekjum verði 7,4% árið 2025 og markmið um 7,5% náist frá og með árinu 2026.



- Á áætlunartímabilinu 2025 til 2029 er gert ráð fyrir lækkandi lántöku og að árin 2027 til 2029 verði afborganir langtímaskulda umfram ný langtímalán.



- Gert er ráð fyrir að hreinar skuldir og skuldbindingar² sem hlutfall af tekjum nái hámarki árið 2025 og fari síðan lækkandi út áætlunartímabilið.



- Skuldaviðmið A-hluta er undir 100% markmiði fjármálastefnu allt áætlunartímabilið.

² Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að fráðregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Fjárhagsáætlun A- og B-hluta

Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar eru sett fram eftirtalin markmið fyrir A- og B-hluta borgarinnar:


1. Jafnvægisviðmið A- og B-hluta sé jákvætt.
2. Skuldaviðmið A- og B-hluta verði ekki hærra en 150%.

Fjárhagsáætlun 2025-2029	Markmið	2025	2026	2027	2028	2029
Þriggja ára jafnvægisviðmið	>0	10.205	28.806	36.474	43.155	48.106
Skuldaviðmið	<150%	109%	108%	107%	103%	97%

Fjárhags- og fimm ára áætlun gerir ráð fyrir að þriggja ára jafnvægisviðmið haldi allt áætlunartímabilið og að skuldaviðmið verði undir 150% í samræmi við sveitarstjórnarlög og markmið fjármálastefnu.


Hér á eftir eru raktar meginniðurstöður fjárhagsáætlunar 2025 og fimm ára áætlunar fyrir A- og B-hluta Reykjavíkurborgar til 2029 á breytilegu verðlagi í myndum og töflum, ásamt útkomuspá fyrir árið 2024.

Skuldaviðmið A- og B-hluta án OR




- Gert er ráð fyrir að skuldaviðmið A- og B-hluta verði 109% árið 2025. Á áætlunartímabilinu fer skuldaviðmiðið lækkandi og er vel undir 150% hámarki sveitarstjórnarlaga.
- Ákvæði sveitarstjórnarlaga um skulda- og jafnvægi viðmið er ekki bindandi fyrir tímabilið 2020-2025³.

Jafnvægisviðmið A- og B-hluta án OR



- Gert er ráð fyrir að uppsöfnuð rekstrarniðurstaða A- og B-hluta án OR sé jákvæð allt áætlunartímabilið.

³ Með lögum nr. 25/2020 um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru er sveitarstjórnnum veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 1. og 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 138/2011 árin 2020 – 2022. Með lögum nr. 22/2021 hefur þessi heimild verið framlengd til loka árs 2025. Í þessu felst að ofangreind jafnvægis- og skuldaviðmið eru ekki bindandi umrætt tímabil.




- Grunnrekstur A- og B-hluta (EBITDA) er að styrkjast eftir óstöðugleika í efnahagsumhverfinu undanfarin ár.
- Áætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að EBITDA nemi 62,6 ma.kr. og að rekstrarniðurstaðan verði jákvæð sem nemur 14,3 ma.kr. Árin 2026-2029 er gert ráð fyrir stíganda í afkomu A- og B-hluta.

Fjárfesting A-hluta og B-hluta fyrirtækja


Fjárfestingar samstæðu (ma.kr.)	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
A-hluti	16,0	15,6	18,3	26,3	25,8	22,8	25,3	25,3	25,8	22,7	21,5
Orkuveita Reykjavíkur	21,9	16,7	18,1	21,0	28,0	33,5	39,6	46,1	48,1	44,8	48,6
Félagsbústaðir	4,2	5,1	4,4	3,6	4,0	2,7	6,7	5,6	6,0	6,1	5,6
Faxaflóahafnir	1,5	1,0	0,2	0,8	1,1	1,7	2,3	2,9	2,0	2,4	1,5
Sorpa	4,1	0,7	0,2	0,3	0,4	0,2	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
Strætó	0,1	0,1	0,2	0,1	0,2	0,1	0,3	0,0	0,4	0,0	0,0
Önnur fyrirtæki og innri viðskipti	-0,3	1,3	-0,9	-1,1	0,3	0,8	0,4	0,8	0,9	0,3	0,3
Heildarfjárfesting	47,5	40,5	40,5	51,0	59,9	61,7	75,1	81,2	83,6	76,6	77,8
Hlutfall af tekjum %	23%	21%	20%	23%	24%	22%	26%	26%	26%	22%	21%

- Árið 2025 verður samtals fjárfesting A- og B-hluta 75,1 ma.kr. eða um 26% af tekjum.
- Á áætlunartímabilinu 2025 til 2029 er gert ráð fyrir að heildarfjárfesting A- og B-hluta verði um og yfir 75 ma.kr. á ári sem einkum má rekja til fjárfestinga Orkuveitu Reykjavíkur.



- Gert er ráð fyrir að hreinar skuldir⁴ sem hlutfall af tekjum verði 162% árið 2025 en fari síðan lækkandi út áætlunartímabilið.

⁴ Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að fráðregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.



- Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum er áætlað 15,5% árið 2025 og heldur áfram að styrkjast út áætlunartímabilið.
- Myndin sýnir lækkun í veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum árin 2020-2022 sem lýsir sterklega áhrifum af erfiðu efnahagsumhverfi á rekstur A- og B-hluta síðustu árin.
- Á áætlunartímabilinu hækkar fjárfesting sem hlutfall af tekjum sem m.a. má rekja til fjárfestinga Orkuveitu Reykjavíkur.

Upplýsingar veitir Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
 netfang: halldora.karadottir@reykjavik.is
 Sími: 411-4111